



Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Ný spá Hagstofu um þróun vísitölu neysluverðs

Dags: 21. nóvember 2022

Málsnúmer: 202206736/2.5

Starfsmaður: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að fjármagnsliðir fjárhagsáætlunar 2023-2026 verði reiknaðir upp miðað við nýja spá Hagstofu um þróun vísitölu neysluverðs sem fram kemur í fyrirbyggjandi minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Greinargerð:

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út nýtt minnisblað varðandi nýja spá Hagstofu og forsendur við gerð fjárhagsáætlana 2023-2026. Í uppfærðu minnisblaði kemur fram að spá Hagstofu um þróun vísitölu neysluverðs vegna 2023 er nú 5,6% í stað 4,9% líkt og í útgefnu minnisblaði Sambandsins í ágúst síðastliðnum sem lagt var til grundvallar vinnu við fjárhagsáætlun.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2023-2026 var notast við þá þróun sem gert var ráð fyrir í fyrra minnisblaði Sambandsins, 4,9%. Í ljósi framangreinds er lagt til að fjármagnsliðir fjárhagsáætlunar 2023-2026 verði reiknaðir upp miðað við nýja hagspá og fjárhagsáætlun þannig uppreiknuð lögð fram fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2023-2026.